

## Náttúrugripasafnið í Reykjavík

Árið 1884 hvatti Björn Bjarnarson, síðar sýslumaður Dalasýslu, til þess að komið yrði upp náttúrugripasafni í Reykjavík. Björn var þá búsettur í Kaupmannahöfn og var hann árið 1887 einn stofnenda félags sem bar heitið “Íslenskt náttúrufræðisfélag”, en það félag lognaðist útaf er Björn og Stefán Stefánsson fóru heim til Íslands, en þeir voru aðalhvatamenn félagsins. Er heim kom var Stefán hvatamaður og einn stofnenda *Hins íslenska Náttúrufræðifélags* 16. júlí árið 1889 og það félag starfar enn. Markmið þess félags var að reisa náttúrugripasafn í Reykjavík og var Benedikt Gröndal fyrsti formaður félagsins og jafnframt umsjónarmaður náttúrugripasafnsins sem opnaði það ár.

Náttúrugripasafnið var á sífelldu flakki á milli húsa og er eftirfarandi lausleg saga húsnæðisvandræða þess í rúma öld, vandræða sem ekki eru ennþá leyst.

- 1890 Fyrsti sýningarsalur var að Hlíðarhúsastíg (nú Vesturgata 38), til umráða var eitt herbergi. Safnið var sýnt með samkomulagi við umsjónarmann.
- 1892 Tvör herbergi í húsin þar sem er núna Kirkjusstræti 10 og var í eigu Kristjáns Ó Þorgrímssonar bóksala. Þar var sýnt eftir samkomulagi við umsjónarmann.
- 1895 Safnið flutti í ágústmánuði í verslunina Glasgow við Vesturgötu 5a, þar var einn salur og eitt herbergi. Safnið var opið á sunnudögum eftir messu. Glasgow brann 1903 en þá hafði safnið verið flutt í annað húsnæði.
- 1899 Var safnið í gamla stýrimannaskólanum.
- 1900-1905 var Helgi Péturs formaður félagsins og hafði einnig umsjón með safninu.
- 1903 Safnið var að Vesturgatu 10. Til umráða voru tvær stórar stofur og eitt herbergi auk geymslu.
- 1905-1940 Bjarni Jónsson var formaður félagsins og hafði umsjón með safninu, sem eins og áður var aðaltilgangur félagsins.
- 1908 Var náttúrugripasafnið flutt í Safnahúsið við Hverfisgötu, sem er reisulegasta hús sem safnið hefur verið í. Til umráða var einn 130 m<sup>2</sup> salur auk 50 m<sup>2</sup> geymslu. Safnið var í safnahúsinu til ársins 1960 og er það blómatímabil þess. Árlega komu 8-10.000 gestir í safnið og flestir árið 1946 eða um 15.000 manns.



Gamli salurinn í safnahúsinu

Allt frá fyrstu árum safnsins var leitað að varanlegu húsnæði eða lóð til að byggja nýtt hús fyrir það. Sagan er ansi skrautleg.

- 1928 Lóða leitað fyrir Náttúrugripasafn, við Skúlagötu, en án árangurs.
- 1930 Lagðar voru fram teikningar af húsi fyrir Náttúrugripasafn, við hliðina á Safnahúsinu, þar sem nú stendur Þjóðleikhúsið.
- 1930 Teikning lögð fram af Náttúrugripasafni á Skólavörðuholti og var það Guðjón Samúelsson sem teiknaði.
- 1942 Samþykkt að byggja Náttúrugripasafn á Háskólalóðinni (var seinna fært til á lóðinni nýu sinnum).
- 1943 Fær Háskóli Íslands framlengt einkaleyfi til happadrættis m.a. með skilyrði um að byggja yfir náttúrugripasafnið.
- 1945 Samþykkt að safnið fái lóð við Suðurgötu, milli Þjóðminjasafns og Atvinnudeildarhúss.
- 1947 Ríkið tekur við rekstri náttúrugripasafnsins og að auki var ríkinu afhentur byggingasjóður félagsins gegn því að byggt verði yfir það. Sjóðurinn stóð þá í 83.000 kr, sem að núvirði væri e.t.v. um 118 milljónir, miðað við 6% vexti. Gunnlaugur Halldórsson teiknaði á þessu árið náttúrugripasafn sem átti að standa á Háskólalóðinni.
- 1948 Ríkið telur byggingasjóð Náttúrugripasafnsins fram sem tekjur í ríkissjóð, 82.396 kr (gamla krónur, byggvísit. 455 stig).
- 1951 Lög sett um safnið og það nefnt Náttúrugripasafn Íslands.
- 1952 Lóð úthlutað fyrir safnið milli Háskóla og Íþróttahúss.
- 1953 Athugað með lóðir við Skólavörðustíg, Barónstíg, Melatorg en ekkert ákveðið.
- 1960 Náttúrugripasafninu lokað vegna þrengsla í Safnahúsinu við Hverfisgötu.
- 1965 Sett ný lög um safnið og nafni þess breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands, rannsóknastarfsemi eykst á kostnað safnsins sem var þó eitt af meginhlutverkum stofnunarinnar.



*Gestir virða fyrir sér upplitaðar plöntur í sýningarsal Náttúrufræðistofnunarinnar á Hlemmi.*

- 1967 Náttúrugripasafn Íslands opnað eftir sjö ára Þyrnirósarsvefn, þá í 100 m<sup>2</sup> bráðabirgðahúsnæði við Hlemm – í því bráðabyrgðarhúsnæði er það reyndar enn.
- 1983 Lóð úthlutað fyrir náttúrugripasafnið við Njarðargötu, sunnan Hringbrautar.
- 1985 Tillaga til þingsályktunar lögð fram af 10 þingmönnum úr öllum flokkum um að byggingu náttúrugripasafns verði lokið árið 1989. Fyrsti flutningsmaður var Hjörleifur Guttormsson. Í kjölfar þess skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um málið, en ósamstaða var í nefndinni og strandaði málið.
- 1987 Nefndin frá 1985 lauk störfum sínum og skilaði skýrslu þar sem lagt er til að safnið verði sjálfseignastofnun í eigu ríkis, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands og voru fulltrúar þeirra í nefndinni. Nú virtist málið vera á góðri leið og kraftur í mönnum.
- 1989 Menntamálaráðherra Svavar Gestsson, skipar nýja nefnd í málið og í nýju samhengi. Telur Svavar að komið sé samkomulag um að Háskólinn, ríkið og Reykjavíkurborg taki að sér að reisa hús fyrir safnið og tilkynnir það hátíðlega sem tímamót á 100 ára afmæli Hins íslenska náttúrufræðafélags. Á þessu 100 ára afmæli félagsins var öðrum 100 m<sup>2</sup> sal á 4. hæð hússins við Hlemm bætt við Náttúrugripasafnið. Safnið hafði þá verið 22 ári í bráðabyrgðarhúsnæðinu við Hlemm og var nú orðið 200 m<sup>2</sup>, að stigagangi meðtöldum.
- 1990 Skipuð samráðsnefnd er kanna skyldi mál safnsins og var Reykjavíkurborg aðili að þeirri nefnd með það í huga að borgin tæki þátt í rekstri safnsins.
- 1991 Lóð austan við Norræna Húsið var úthlutað fyrir byggingu safnahúss. Einnig kom þetta ár út vönduð skýrsla um Náttúruhús, en ekki fékkst fé til samkeppni um teikningu hússins.
- 1992 Ný lög um Náttúrufræðistofnun þar sem safnið er skilið frá stofnuninni og var áætlað að byggt yrði yfir það. hefur ekkert gerst síðan í málefnum þess.
- 1992-2002 Ekkert gerist annað en reynt er að halda málinu vakandi með því að ræða við ráðamenn.



*Gripir náttúruminjasafnsins eru geymdir á óviðunandi hátt og liggja margir undir skemmdum.*

- 2002 Björn Bjarnarson menntamálaráðherra leggur fram safnalög á Alþingi og eru þau samþykkt. Þar er kveðið á um “náttúruminjavörð” en lagasetningu vantar um náttúruminjasafn. Í framhaldi þessara laga var sett á laggirnar þriggja manna nefnd

til þess að semja lög um náttúruminjasafn. Í nefndinni eru Karítas Gunnarsdóttir (menntamálaráðuneyti), Gunnar Jón Birgisson (fjármálaráðuneyti) og Jón Gunnar Ottósson (Náttúrufræðistofnun Íslands) og er sú nefn enn við lagagerð.

- 2002-2005 hefur ekkert gerst í málefnum safnsins.